



*Félag háskólakennara*

**5. fundur stjórnar 2015/2016 haldinn mánudaginn miðvikudaginn 4. nóvember 2015 í Bændahöllinni, kl. 12:00.**

**Fundinn sátu: Jörundur Guðmundsson, Baldvin Zarióh, Guðmundur Ingi Guðmundsson, Helgi Áss Grétarsson, og Berglind Rós Magnúsdóttir. Michael Dal og Ármann Höskuldsson boðuðu forföll. Helga Birna Ingimundardóttir ritaði fundargerð.**

Fyrir fundinn lá eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara dags. 29. október 2015, meðfylgjandi. Útgáfa til birtingar á heimasíðu.
2. Staða kjaramála.
3. Kjörstjórn.

**1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara dags. 29. október 2015**  
Samþykkt.

## **2. Staða kjaramála**

Formaður sagði frá félagsfundinum 30. október sl. og samningafundi með SNR sama dag. Fundurinn var vel sóttur og umræður góðar. Sama dag var fyrsti samningafundur með SNR eftir að BHM dróg sig út úr SALEK-samkomulaginu. SNR lagði fram skjal merkt „Punktur vegna breyttra forsendna í kjaraviðræðum við SNR og ýmissa stéttarféлага, 30.10.15“.

Þá var einnig sagt frá samningafundi sem fram fór um morguninn (4. nóvember) með SNR. Þar lagði ríkið fram kostnaðarmat samningsins sem er 23,16%, til mars 2019. Í tölunni hefur verið tekið tillit til lífeyrisframlags vegna SALEKS eða 1,5% ásamt meðaltölu BHM í nóvember 2013. Þetta er það sem er í boði og SNR lét í það skína að ekki gengi fyrir félagið að boða til verkfalls, því ekkert meira væri í pokahorninu.

Formaður bað stjórnarmenn um umboð til að halda viðræðunum áfram á þessum nótum. Fyrirhugaðir fundir væru eftir stjórnarfundinn, annars vegar með FPR og hins vegar með HÍ.

Málið rætt og stjórnarmenn báðu um frekari skýringar á samningstímanum, kostnaðarmati samnings og verkfallsboðun. Stjórnarmenn samþykktu að samningsvinnunni yrði haldið áfram á þessum nótum, með hag félagsmanna að leiðarljósi. Umræðu um atkvæðagreiðslu um boðun verkfalls var frestað að sinni.

### **3. Kjörstjórn**

Fyrir stjórnarfundinn var búið að skipa kjörstjórn ef málin myndu þróast þannig að stjórnin myndi samþykka atkvæðagreiðslu til verkfallsboðunar. Í kjörstjórn sitja Baldvin Zarióh HÍ, Sigríður Guðmundsdóttir Keldur og Bryndís Vilbergsdóttir Landsbókasafn. Framkvæmdastjóri stakk upp á Baldvin Zarióh sem formanni kjörstjórnar og var það samþykkt.

Fleira ekki gert.  
Fundir lauk 13:30.